

Krabbameinsmeðferð

Rakagefandi efni fyrir leggöng

Þurrkur í leggöngum er meðal algengustu aukaverkana meðferðar vegna krabbameins og algengasta orsök erfiðleika í kynlífi hjá konum í kjölfar hennar. Meðferðin getur haft áhrif á húð og slímhúð líkamans hvort sem um er að ræða skurðaðgerð, krabbameinslyfja- eða geislameðferð.

Orsakir

Lyfjameðferð vegna krabbameins, geislun á grindarbotn og brottnám eggjastokka getur valdið snemmbærum tíðahvörfum hjá konum sem ekki eru komnar í tíðahvörf og orsakað þurrk í leggöngum. Konur sem þegar eru komnar í tíðahvörf geta einnig fundið fyrir auknum leggangaþurrki.

Hafa þarf í huga að margt annað en meðferð krabbameins getur valdið þurrki í leggöngum svo sem brjóstagiöf. Ýmsir sjúkdómar svo sem sykursýki eða sýkingar í leggöngum geta einnig valdið þurrki í leggöngum. Þá geta ýmsir önnur lyf en krabbameinslyf svo sem andhistamín lyf eða ofnæmislyf haft áhrif á blóðflæði til grindarbotns og valdið þurrki í leggöngum.

Meðferð

Til að draga úr þurrki í leggöngum vegna krabbameinsmeðferðar er hægt að nota sleipiefni og/eða rakagefandi efni (sjá nánar fræðsluefni um sleipiefni og rakagefandi efni). Munur er á rakagefandi efnum (vaginal moisturizers) og sleipiefnum (lubricants). Rakagefandi efni eru ekki sleipiefni þótt aukinn raki í leggöngum geti auðveldað samfarir að einhverju leyti. Sleipiefni, sem borið er á svæði við leggangaopið, getur hins vegar dregið úr óþægindum vegna núnings við samfarir.

Verkun rakagefandi efna

Rakagefandi efni (vaginal moisturizers), eru efni sem sett eru inn í leggöng til að auka rakamyndun, byggja upp legslímhúð og draga úr ertingu vegna þurrks. Mælt er með að nota rakagefandi efni reglulega, oftast fyrir svefn, svo þau hafi tilætluð áhrif. Rakagefandi efni eru til með eða án hormóna.

Rakagefandi efni án hormóna

Rakagefandi efni án hormóna henta þeim sem geta ekki eða vilja ekki að nota staðbundna meðferð með estrógen hormóni. Rakagefandi efni án hormóna innihalda til dæmis hyaluronic sýru sem viðheldur raka slímhúðar. Til eru rakagefandi efni án hormóna (stílar) sem fást án lyfseðils.

Rakagefandi efni með hormónum

Staðbundin meðferð í leggöngum með estrógen hormóni (krem, stílar eða skeiðarinnlegg) sem notuð er við aumri og þunnri slímhúð hefur meðal annars rakagefandi áhrif.

Sumum konum er ráðlagt að nota bæði rakagefandi efni og sleipiefni ef slímhúðin er mjög viðkvæm og leggangaþurrkur er mikill. Þegar hætt er að nota rakagefandi efni eða sleipiefni kemur leggangaþurrkur aftur fram nema eggjastokkar séu farnir að framleiða estrógen að nýju. Það fer eftir ýmsu hvort eggjastokkar byrji aftur að framleiða estrógen. Má þar nefna hvaða krabbameinsmeðferð konan fær og umfangi meðferðar.

Hvert á að leita ef frekari upplýsinga er þörf?

Á Landspítala er í boði kynlífsráðgjöf fyrir sjúklinga sem eru í meðferð á spítalanum og maka þeirra. Hægt er að panta viðtalstíma með því að:

- Biðja lækni eða hjúkrunarfræðinga að panta tíma.
- Hringja í síma 543 6800 (ritari geislameðferðardeild, Hringbraut) eða 543 6040 (ritari göngudeild lyflækninga, Fossvogi) og biðja um viðtal við sérfræðing í kynheilbrigðishjúkrun og klíniskri kynfræði.
- Senda tölvupóst á netfangið: jonaijon@landspitali.is og óska eftir viðtali.

Frekari upplýsingar er einnig að finna í fræðsluefni um sleipiefni og fræðsluefni um leggangapurk.